

## Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins 2025.

Foreldrakönnun Skólapúlsins var send út í febrúar 2025. Fjöldi þátttakenda var 103 en 88 svöruðu könnuninni og var því svarhlutfallið 85,4%.

Svörin skiptust ágætlega milli deilda, fæstir svöruðu á Smálöndum en þar voru foreldrar 11 barna sem svöruðu og flest svör bárust frá foreldrum á Kirsuberjadal eða 19 manns.

Þátttakendur gátu sleppt svörum og var misjafnt eftir spurningum hversu margir slepptu að svara.

Matsþættirnir voru; Daglegt leikskólastarf, Námsumhverfi, Samskipti við foreldra, Upphaf og lok leikskólagöngu, Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta. Að lokum voru opin svör þar sem meðal annars var spurt um hvað þætti gott við leikskólann og hvað mætti betur fara.

**Styrkleikar:** Mikil ánægja með leikskólann almennt og tengsl við starfsfólk leikskólann (yfir 92% í mörgum liðum).

**Veikleikar:** Hollt mataræði (73,1%) og hrap í mismun á landsvísu (landið 89,6%). Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu (77 %).

Undir **Daglegt leikskólastarf** voru 6 liðir;

Ánægja með leikskólann, Ánægja foreldra með stjórnun, Ánægja barnsins í leikskólanum, Sérþarfir í mataræði, Hollt mataræði, Ánægja með húsnæði og aðstöðu. Langflestir voru mjög eða frekar ánægðir með þessa þætti, óánægju tjáðu að jafnaði 0-5 manns nema með liðinn um hollt mataræði. Beðið var um viðbragð við fullyrðingunni; “Barnið mitt fær hollan og góðan mat í leikskólanum”, 19 manns voru frekar ósammála og 2 mjög ósammála (15 mjög sammála og 42 frekar sammála). Í opnum svörum

Flestir ánægðir með hvernig Leikskólinn er að sinna sérþörfum í tengslum við mat en minnst á gæðamun eftir að matargerð var flutt úr húsi, athugasemd um að þurfa vottorð til að fá laktósafríá mjólk og mættu vera upplýsingar um hvað barnið fær að borða í staðinn.

Undir **Námsumhverfi** voru 4 liðir; Vinnubrögð, Aðstaða, Félagsleg samskipti, Þátttaka án aðgreiningar. Langflestir voru mjög eða frekar ánægðir, 0-5 manns voru frekar eða mjög óánægð en í liðnum *Vinnubrögð* voru foreldrar m.a beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar “ Á deildinni eru notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna”. Þarna voru 5 frekar ósammála, 32 frekar sammála og 36 mjög sammála.

Í opnum svörum var fólki m.a. gefið tækifæri til að tjá sig um námsumhverfið. Þar kom m.a fram að auka mætti bókakost varðandi fjölbreytileika mannlífsins, nota mætti útiveru og útivist í auknum mæli, setja mætti verkefni og myndir í hæð barnanna, athuga fallhæð úr kastalanum. Sumir lýsa ánægju með námsumhverfið inni og úti.

Undir **Samskipti við foreldra** voru 7 liðir;

- Upplýsingamiðlun (langflestir mjög eða frekar sammála fullyrðingum um upplýsingamiðlun en 0-7 frekar eða mjög ósammála). Í opnum svörum nefndu nokkrir foreldrar að þeir vildu fá frekari upplýsingar um hvernig barninu gengur og líður í leikskólanum og upplýsingar um daglegt starf. Samskipti við starfsfólk góð, tíðir tölvupóstar með gagnlegum fréttum eru flottir, mætti uppfæra *Völu* betur svo að sé auðveldara að skoða myndir og setja inn föstudagsskráningar.
- Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans (Flestir töldu sig vel (N=30) eða töluvert (N=38)upplýsta, 11 töldu sig lítið upplýsta).

- Tengsl við starfsfólk leikskólans (Flestir voru mjög (N=35) eða frekar (N=39)sammála um að tengsl við þá sem vinna á deild barnsins væru góð, 5 voru frekar ósammála þeirri fullyrðingu).
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu (Flestir sögðust vera hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu, 37 voru frekar sammála og 20 mjög sammála. 14 voru frekar ósammála þeirri fullyrðingu og 3 mjög ósammála).
- Tímasetning viðburða (flestar mjög (N=29) eða frekar (N=36) sammála þeirri fullyrðingu að atburðir sem foreldrum er ætlað að taka þátt í væru tímasettir þannig að þau gætu sótt þá, 9 voru frekar ósammála og 3 mjög ósammála).
- Heimasíða leikskólans (flestar mjög eða frekar sammála um að upplýsingar á heimasíðu leikskólans væru gagnlegar, 4 voru frekar ósammála og 1 mjög ósammála).
- Leikskólasmáforrit (Flestir voru mjög (N= 40) eða frekar (N=30) sammála um að samskipti og upplýsingamiðlun í gegnum samskiptaforritið *Völu* væru gagnleg, 4 voru frekar ósammála, 3 mjög ósammála og 3 sögðust ekki nota forritið).

Undir **Upphaf og lok leikskólagöngu** voru 3 liðir;

- Leikskólabyrjun (Langflestar sögðu já við því að barn og foreldrar kynntust leikskólastarfinu saman og foreldrar tóku þátt í því, foreldrar fengu nægilegar upplýsingar um leikskólastarfið á aðlögunartímanum, foreldrar fengu næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið til leikskólakennara í aðlögun og foreldrar voru almennt ánægðir með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins, 0-3 sögðu nei við þessum fullyrðingum).
- Flutningur milli skólastiga (flestar (N=10) sem svöruðu töldu að áhersla væri lögð á samstarf við grunnskólastigið en 4 voru ósammála, Flestar (N=12) voru sammála um að barnið fengi að kynnst starfi grunnskólans á lokaárinu í leikskóla, 3 voru ósammála).
- Flutningur milli deilda (þeir sem svöruðu voru flestar mjög eða frekar sáttir (33) við hvernig staðið var að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum, 1 var mjög ósáttur). Í opnum svörum kemur fram að foreldri hefði viljað að barnið sitt hefði farið með jafnöldum og vinum á eldri deild.

Undir **Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta** voru 2 liðir; Hlutfall sérkennslu og stuðnings, Hlutfall sérfræðipjónustu.

6 sögðust hafa fengið sérkennslu eða stuðning fyrir börnin sín á skólaárinu og 1 var á biðlista.

8 sögðust hafa óskað eftir sérfræðipjónustu á skólárinu og fengið, 5 sögðust hafa óskað eftir en ekki fengið þjónustu og 4 voru á biðlista.

Í opnum svörum gafst tækifæri til að tjá skoðanir á sérkennslu eða sérstökum stuðningi. Þar kemur fram að einhverjir eru að bíða eftir þjónustu talmeinafræðings.

### **Opin svör**

Í liðnum opin svör gafst tækifæri til að segja skoðun sína á 10 þáttum s.s um hvað væri gott við leikskólann og hvað mætti betur fara varðandi ýmsa þætti. Samantekt opinna svara var send foreldrum í tölvupósti.